

6. FEBRÚAR
2025

HARPA
ELDBORG

Eva stjórnar Mahler

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

ax 13'

Sinfónía 90'

Ekkert hlé verður á tónleikunum

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Eva stjórnar Mahler

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 6. FEBRÚAR KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir

ax (2024) (*heimsfrumflutningur*)

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 9 (1909-1910)

Andante comodo

Im Tempo eines gemächlichen Ländlers.

Etwas täppisch und sehr derb

Rondo-Burleske: Allegro assai. Sehr trotzig

Adagio. Sehr langsam und noch zurückhaltend

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusarakademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Tveimur árum síðar kom Eva fyrst til Íslands þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara. Í kjölfarið stjórnaði hún þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði SÍ í fyrsta sinn í Hörpu en skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA. Skömmu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmoníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl. Eva hefur lagt áherslu á flutning og hljóðritun verka íslenskra tónskálda með Sinfóníuhljómsveit Íslands og má nefna útgáfu Sono Luminus á hljómdisknum ARCHORA / AÍÖN með verkum Önnu Þorvaldsdóttur árið 2023 í því samhengi. Að álit *New York Times* var diskurinn í hópi bestu klassísku diska ársins 2023 og *Boston Globe* valdi hann einn af tíu bestu klassísku diskum ársins.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



**Tónlistin og
Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Í kvöld er heims-
frumflutningur á ax.

Anna Þorvaldsdóttir

ax

Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár, en verk hennar hafa verið pöntuð af ýmsum fremstu hljómsveitum, tónlistarhópum og tónleikastöðum heims, þ.á.m. Berliner Philharmoniker, New York Philharmonic, Los Angeles Philharmonic, Orchestre de Paris, Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar, Ensemble Intercontemporain, Danska strengjakvartettinum, Carnegie Hall og BBC Proms. Meðal þeirra fjölmörgu annarra hljómsveita sem leikið hafa verk Önnu má nefna Royal Councertgebouw, Boston Symphony, BBC Symphony, San Francisco Symphony og NDR Elbphilharmonie Orchester. Þá hefur tónlist hennar einnig verið í brennidepli á tónleikastöðum og hátíðum á borð við Wigmore Hall, Royal Albert Hall, Aldeburgh Festival, Tanglewood Music Festival, Southbank Centre, Lucerne Festival og Royal Opera House.

Auk Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs hafa verk Önnu hlotið ýmsar viðurkenningar og verðlaun t.a.m. frá New York Philharmonic, Lincoln Centre, CHANEL og tónskáldaverðlaun Ivors Academy. Hún er einnig handhafi Fálkaorðunnar fyrir framlag sitt til tónlistar.

Anna er staðartónskáld Tonhalle-Orchester Zürich starfsárið 2024/2025. Hún er einnig listamaður í samstarfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hún gegndi áður hlutverki staðartónskálds árin 2018-2023.

ax er dregið út úr tónlist METAXIS og er ætlað til flutnings í tónleikasal. METAXIS (2023) er tónlistarinnsetning fyrir tvístraða hljómsveit þar sem hljóðfærahópum er dreift um opið rými. ax inniheldur hluta af tónlistarupplifun METAXIS þó án rýmisuppsetningarinnar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti METAXIS undir stórn Evu Ollikainen í alrými Hörpu á Listahátíð í Reykjavík vorið 2024.



Gustav Mahler

SINFÓNÍA NR. 9

Segja má að Gustav Mahler (1860–1911) hafi tengt saman rómantíska tímabilið og 20. öldina. Hann var síðasti risinn í hinni þýsk-austurísku sinfóníuhefð og þandi mörk hinnar hefðbundnu sinfóníu til hins ítrasta, samhliða því að vera einn fremsti hljómsveitarstjóri Evrópu á sínum tíma. Níunda sinfónía Mahlers, samin á árunum 1909–1910, markar skil milli 19. og 20. aldar í tónlist. Hún er ekki rómantísk sinfónía, líkt og fyrri verk Mahlers, heldur að öllu leyti 20. aldar tónverk. Frumflutningur hennar, undir stjórn Bruno Walter í Vín 26. júní 1912, ári eftir andlát tónskáldsins var tímamótaviðburður.

Níunda sinfónían var hans síðasta fullgerða verk. Mahler óttaðist „bölvun níundu sinfóníunnar“ og taldi sig ekki fá að ljúka fleiri sinfóníum líkt og Beethoven og Bruckner. Á daginn kom að örlög hans urðu þau sömu og fyrirrennara hans. Mahler hóf vinnu við tíundu sinfóníu sína en náði aðeins að fullgera fyrsta þáttinn áður en hann lést. Níunda sinfónían er dökk og íhugul en sumarið 1907 hafði verið mjög þungbært í einkalífi Mahlers; dóttir hans lést úr skarlatssótt og sjálfur greindist hann með alvarlegan hjartagalla sem síðar leiddi til dauða hans.

Sinfónían er kveðja til jarðlífsins, allt frá fyrsta takti til hins síðasta, og taldi Leonard Bernstein óreglulegan hryn upphafstaktanna endurspegla óstöðugan hjartslátt tónskáldsins. Austurríska tónskáldið Alban Berg sagði í bréfi til eiginkonu sinnar að „fyrsti þátturinn er það merkasta sem Mahler hefur samið. Í verkinu tjáir hann gríðarlega ást til jarðarinnar, löngun til að lifa lífinu á friðsælan hátt og njóta náttúrunnar til hins ýtrasta áður en óumflýjanlegur dauðinn kemur.“

Að forminu til er níunda sinfónían hefðbundin með fjórum þáttum, en röðin er óvenjuleg: Hægur fyrsti þáttur, tveir hraðir miðkaflar (scherzo og rondó), og hægur lokakafl. Það að ljúka sinfóníu með hægum kafla var fátítt og hafði aðeins gerst tvisvar áður, í *Pathétique*-sinfóníu Tchaikovskíjs og svo í þriðju sinfóníu Mahlers sjálfs.

Tónlistin og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið níundu sinfóníu Mahlers þrisvar sinnum áður, undir stjórn Petri Sakari árin 1997 og 2011 og ásamt Vladimir Ashkenazy árið 2005.

Fyrsti kaflinn er langur, um 25 mínútur, og er byggður á tveimur tónlistarformum sem eiga djúpar rætur í klassíska tímabilinu; sönötuforminu og rondó. Mahler kemur með upphafspemað sjö sinnum í kaflanum í anda rondós en á sama tíma vinnur hann með tónefnið eftir reglum sönötuformsins. Aðalstef fyrsta þáttar er einfalt, fjórar nótur sem hníga í skrefagangi, en í skissum sínum merkti Mahler það með orðinu „Lebewohl“ („Vertu sæl“). Angurvært stefið kemur fyrst í hörpu en er þróað frekar í strengjum. Stefið birtist svo aftur í lokakaflanum sem skapar áhrifamikla heildarmynd.

Annar þátturinn byggist á austurrískum sveitadansi, Ländler, sem var í miklu uppáhaldi hjá Mahler og veitir hlustendum kærkomna hvíld. Ländler er í hægum þrískiptum takti með áherslu á fyrsta slag. Hann er jarðbundinn og minnti Mahler á sveitina og náttúruna sem hann elskaði svo mikið. Við heyrum í raun þrjár útgáfur af þessum dansi: sá fyrsti er „klunnalegur og óheflaður,“ sá næsti, einskonar vals, er hraðari, glannalegur og það örlar á myrkri, og í síðustu framsetningunni heyrum við dansinn í hornum, tréblásturshljóðfærum og víólum.

Í þriðja kaflanum, „Rondo-Burleske,“ eykst spennan á ný eftir friðsælan annan kaflann. Hér fær myrkrið, sem örlaði fyrir í valsinum, lausan tauminn. Theodor Adorno lýsti honum sem „glannalegu fjöri, sem getur á hverri stundu steypst í hyldýpi.“ Á hápunkti kaflans dettur allt í dúnalogn og við heyrum kóral málmblásturshljóðfæra og yndislegt stef sem trompetleikur. Svo snýr brjálæðið skyndilega aftur.

Lokakaflinn, byggður á „Lebewohl“-stefi fyrsta þáttar, er í fullkomnu jafnvægi við fyrsta kaflann. Hann er einnig um 25 mínútur að lengd og er andrúmsloftið einlægt, nostalgískt og íhugult, sem gefur enn frekar til kynna að um kveðjustund sé að ræða. Hljómar hálfkadensur hornanna í þykkum vefi strengja í upphafi kaflans er gott dæmi um það. Kaflinn er ekki laus við myrkur sem til dæmis má heyra í stefi kontrafagottsins. Í lok kaflans kemur kveðjustundin. Strengirnir hníga í hinsta sinn og Mahler vitnar í *Barnadauðasöngva* sína: „Der Tag ist schön auf jener Höh'n!“ („Dagurinn er fagur uppi í hæðunum“).

Þorbjörg Daphne Hall

Á döfinni

20.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Rómantíska sínfónían

Sínfóniur Antons Bruckner hafa verið nefndar dómkirkjur í tónum því þær eru bæði stórar að vexti og inntak þeirra djúpt og stórbrotið. Fjórða sínfónía Bruckners var lengi í smíðum og endurskrifaði hann stóran hluta hennar áður en hún var frumflutt árið 1881 við góðar undirtektir. Hann gaf sínfóníunni undirtitilinn hin rómantíska sem má túlka sem virðingarvott við þýsku rómantísku tónskáldin en í verkinu má finna enduróm allt frá Weber og Schumann til Wagners. Katie Buckley hefur verið leiðandi hörpuleikari Sínfóníuhljómsveitar Íslands síðan 2006. Samhliða því hefur hún komið víða við í íslensku tónlistarlífi. Katie lýsir fyrstu kynnum sínum af verkinu svona: „Ég heillaðist algjörlega af þeirri útvíkkðu tækni sem ég heyrði og hljómaði svo algjörlega sem hluti af náttúrulegum litum hörpunnar“.

Frægðarsól Wennäkoski hefur risið hratt á síðustu árum. Hún hefur samið hljómsveitarverk, óperur, kammertónlist og söngverk og er tónlist hennar reglulega flutt um allan heim. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen

06.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

07.03 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Víkingur leikur Beethoven – 75 ára afmælistónleikar

Í mars 2025 verða 75 ár liðin frá því Sínfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Sínfóníuhljómsveitar Íslands.

Víkingur Heiðar Ólafsson er einn af eftirsóttustu tónlistarmönnum heims um þessar mundir. Á þessu starfsári kemur hann fram með hljómsveitum á borð við Fílharmoníusveitir Berlínar, Lundúna og New York. Víkingur hefur hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun fyrir leik sinn, nú síðast hin virtu Grammy verðlaun fyrir hljóðritun sína á Goldberg tilbrigðum J.S. Bachs.

Á afmælistónleikunum tekst Víkingur á við fimmta píanókonsert Beethovens, Keisarakonsertinn, stórbrotið verk þar sem kraftmikil dramatík tekst á við ljóðræna feðurð í mögnuðu samspili einleikara og hljómsveitar.

Ein Heldenleben, eða Hetjulíf, er eitt þekktasta tónaljóð Richards Strauss. Verkið samdi Strauss þegar hann stóð á hátindi frægðar sinnar, var eftirsóttur hljómsveitarstjóri og hafði samið töluvert af verkum sem höfðu hlotið góðar viðtökur. Tónleikarnir hefjast á nýjum hátíðarforleik Ingibjargar Ýrar Skarphéðinsdóttur, sem pantaður var af þessu tilefni. Einnig hljómar í fyrsta sinn Darraðarljóð Jóns Leifs sem er skrifað fyrir kór og hljómsveit. Afmælistónleikunum á föstudag verður sjónvarpað beint á RÚV.



13.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Suðræn veisla

Einleikari þessara suðrænu og seiðandi tónleika er Páll Palomares, leiðari 2. fiðlu Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er vel við hæfi að Páll leiki Symphonie espagnole þar sem hann er fæddur á Spáni og bjó þar í barnæsku. Páll hefur jafnframt mjög persónulega tengingu við verkið. Hann segir: „Þetta er allra fyrsta verkið sem ég spilaði sem einleikari, en ég spilaði fyrsta kaflann með Sinfóníuhljómsveit í Murcia á Spáni 11 ára gamall.“ Verkið leyfir einleikaranum að leika listir sínar og er sérlega áheyrilegt og skemmtilegt.

El sombrero de tres picos, eða Þriggja horna hatturinn, eftir Manuel de Falla var upphaflega ballett sem frumsýndur var í Lundúnum 1919. De Falla umritaði verkið síðar í þær tvær grípandi svítur sem hljóma á þessum tónleikum. Tónleikarnir hefjast á Forleik nr. 2 eftir franska tónskáldið Louise Farrenc. Hann gefur hinum vinsælu óperusmíðum 19. aldarinnar í Frakklandi ekkert eftir í krafti, hugmyndaauði og sköpunargleði. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen



20.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Arvo Pärt sinfóníur

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt er meðal þekktustu núlifandi tónskálda heims og svo virðist sem kyrrðin, tærleikinn og hin allt að því dulræna andakt sem einkennir mörg verka hans eigi sérstakt erindi við nútímamanninn. Sá upphafni einfaldleiki sem verk Pärts búa yfir, og hefur verið nefndur helginaumhyggja, eða holy minimalism, er þó ekki eins einfaldur og hann sýnist. Hann byggir á áralangri leit og tilraunum með hugmyndafræði, form, tónmál og stíl.

Árið 2025 fagnar Arvo Pärt níráðisafmæli og af því tilefni flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands allar fjórar sinfóníur hans á einum tónleikum, undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra. Eins og tónskáldið sjálft hefur sagt er sérhver af sinfóníunum fjórum eins og heimur út af fyrir sig. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Pétur Björnsson
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Laufey Sigurðardóttir
Ísak Ríkharrðsson
Maria Hehenberger

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Greta Guðnadóttir
Hekla Finnsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarínsdóttir

Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Carole Sirois
Margrét Árnadóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Helga Björg Ágústsðóttir

Bassi

Joel Quarrington
T.C. Fitzgerald
Regina Udod
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Sigríður Hjördís Önnudóttir
Anna Winter

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Eydís Lára Franzdóttir
Peter Tompkins

Klarínett

Hermann Stefánsson
Baldvin Ingvar Tryggvason
Helga Björg Jóhönnu Arnardóttir

Rúnar Óskarsson
Grímur Helgason

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Guðrún Erlendsdóttir
Francisco Soutinho Ventura

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Elísabet Waage
Gunnhildur Einarsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar
Frank Aarnink

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

*Kvika eignastýring veitir allblíða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Skráðu þig í Vinafélag Sinfóníunnar

Vinafélagið er öflugur vettvangur fyrir þau sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar varða. Félagið stendur fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum um sígilda tónlist og styrkir einnig ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni.

Árgjaldið er **5.000 kr.**
Einnig er hægt að velja **frjáls
framlög** á vef hljómsveitarinnar
sinfonia.is/vinafelag.

Hægt er að skrá sig hér →

